



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: ÍSÍ 17.3.2015 kl. 18:00

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Ragnar Róbertsson (RR), Gunnar Bjarnason (GB), Ari Jóhannsson (AJ), Þórður Bragason (PB), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Guðbergur Reynisson (GR), Brynjar Gauti Schiöth (BGS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður lagði til að eftirfarandi verkaskiptingu í stjórn:

Ragnar Róbertsson, varaformaður
Gunnar Bjarnason, ritari
Ari Jóhannesson, gjaldkeri

Samþykkt

Formaður lagði til að bæði stjórn og varastjórn yrðu boðuð á alla stjórnarfundum.

2. Skráningarmál vegna nýrra laga, nýrrar stjórnar og aga- og úrskurðarnefndar

Ný lög sambandsins voru undirrituð af stjórn. Framkvæmdastjóri munu senda löggin til skrifstofu ÍSÍ og RSK.

Tilkynning til fyrirtækjaskrár fyllt út og framkvæmdastjóra falið að skila ásamt lögum til RSK. Undirrituð skipunarbréf aga- og úrskurðarnefndar sem framkvæmdastjóri mun senda til nefndarmanna.

3. Fundir - dagsetningar og tegund

Samþykkt var að send yrði út tillaga að dagsetningu funda og tegund, síma- eða raunfundur, fyrir 21. mars 2015.

4. Keppnisráð

Samþykkt var að fela núverandi keppnisráðum að starfa þar til ný hafa verið skipuð.

Samþykkt að auglýsa á heimsíðu AKÍS eftir tilnefningum í keppnisráð. Stefnt mun að því að skipa í keppnisráð á næsta raunfundum.



5. **Erindi frá Gunnari Herði Garðarssyni og fleirum vegna upptöku á akstursíþróttum (torfæru)**
Samþykkt. [Tilvísun AKÍS: 2015-TV-1002](#)
6. **Erindi frá Braga Þórðarsyni vegna breytinga á áður tilkynntum sýningarstöðum**
Samþykkt. [Tilvísun AKÍS: 2015-TV-1003](#)
7. **Fundur með Samgöngustofu**
[Fundargerð lögð fram.](#)
Samþykkt var að fela rallyráði að taka saman skráningarnúmer þekkra rallybifreiða og koma til framkvæmdastjóra hið fyrsta til að senda til Samgöngustofu og Ríkislögreglustjóra.
8. **Fundarbeiðnir**
Óskað hefur verið eftir fundi með Fjármála- og Innanríkisráðuneyti til að ýta á eftir ákvörðun tryggingarupphæða.
Óskað hefur verið eftir fundi með Ríkislögreglustjóra.
9. **Afreksstefna AKÍS**
Stjórn fól Guðbergi Reynissyni að vinna að ýtarlegri tillögum sem lagðar yrðu fyrir formannafund haustið 2015.
10. **Mótakerfi AKÍS**
Framkvæmdastjóra falið að senda stjórn lista fyrir næsta fund yfir nauðsynlegar aðgerðir til að hægt sé að vinna eftir nýsamþykktum verðlista. Til aðstoðar verði JBJ, GB og EG.
11. **Fulltrúar á íþróttaping**
Samþykkt að tilnefna Tryggva M Þórðarson og Þránd Arnþórsson.
12. **Keppni Historic Endurance Rally Organization á Íslandi**
Borist hefur beiðni frá MMI fyrir hönd Historic Endurance Rally Organization um að mega halda keppni um 35 fornbíla hérlendis dagana 19. til 24. apríl 2015.
Samþykkt með fyrirvara um að endanleg umsögn verði veitt þegar sýnt er fram á leyfi landeigenda, vegagerðar og tryggingar fyrir keppninni.
13. **Önnur mál**
 - a. **FIA/NEZ formannafundur**
Formannafundur FIA-NEZ (North European Zone) verður haldinn í Reykjavík næstu helgi. Á fundinum verða fulltrúar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörk, Rússlandi, Lettlandi og Litháen auk Íslands.

Fundargerð samþykkt og fundi lokið kl. 18:45
Þrándur Arnþórsson